

Námskeið fyrir stjórnendur

Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35
Verð fyrir hvert námskeið 28.000 kr.

Lækkun rekstrarkostnaðar

Fim 26. nóvember 2009 14.00-18.00
Þri 1. desember 2009 14.00-18.00

Fjallað er um leiðir sem geta nýst fyrirtækjum til að bæta rekstrarárangur og lækka rekstrarkostnað. Farið er stuttlega yfir grundvallatriði við árangursmat en aðaláhersla lögð á leiðir sem færar eru til að lækka rekstrarkostnað og bæta rekstrarárangur. Meðal atriða sem skoðuð verða sérstaklega eru virðisstjórnun og afkomugreining, fjárbinding og fjármagnskostnaður, mismunandi launakerfi, launakostnaður og aðfangakostnaður.

Leiðbeinandi: Ingvi Þór Elliðason, iðnaðartæknifræðingur og forstjóri Capacent á Íslandi.

Markmiðasetning og hvatning starfsmanna

Fim 21. janúar 2010 14.00-18.00
Þri 26. janúar 2010 14.00-18.00

Fjallað er um hvernig nota má starfsmannasamtöl til hvatningar fyrir starfsmenn og hvernig halda má utan um markmiðasetningar og árangur starfsmanna. Starfsmannasamtöl fara gjarnan fram einu sinni á ári eða á sex mánaða fresti og því er það ekki síður áskorun stjórnenda að halda markmiðum starfsmanna á lofti og hvetja þá til dæða dags daglega. Farið verður í hagnýtar lausnir við daglega hvatningu starfsmanna og utunumhald markmiða.

Leiðbeinandi: Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, MBA og verkefnastjóri í Opna Háskólanum í HR.

Úr öflugum sérfræðingi í öflugan stjórnanda

Fim 25. febrúar 2010 14.00-18.00
Þri 2. mars 2010 14.00-18.00

Hnitmiðað námskeið sem kennir nýjum stjórnendum að takast á við verkefni sín af fagmennsku, krafti og festu. Fjallað er um helstu verkefni stjórnenda, m.a. skipulag innan fyrirtækis, áætlanagerð, öflugt eftirlit og stjórnun starfsfólks á sanngjarnan og drífandi hátt. Fjallað er um helstu áskoranir stjórnenda í rekstri fyrirtækja í dag, t.d. að fylgja eftir stefnumótun stjórnar, stýra breytingum, fylgjast með og innleiða nýjustu tækni sem nýtist fyrirtækinu og stýra þeim auðlindum sem fyrirtækið býr yfir.

Leiðbeinandi: Þór Clausen, Msc., sérfræðingur hjá Háskólanum í Reykjavík.

Lagalegar skyldur og ábyrgðir stjórnenda

Fim 8. apríl 2010 14.00-18.00
Þri 13. apríl 2010 14.00-18.00

Fjallað er um helstu lagalegu skyldur og ábyrgðir stjórnenda. Farið er sérstaklega í félagsformin og löggjöf um þau með áherslu á hlutafélagaformið. Einnig er fjallað um stjórnkerfi hlutafélaga, verkefni, tengsl, valdsvið og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmdastjórnar og hluthafa.

Leiðbeinandi: Áslaug Björgvinsdóttir, hdl., dósent við Lagadeild HR og settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Námskeið fyrir almenna starfsmenn

Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík
Verð fyrir hvert námskeið 12.000 kr.

Samskipti og samvinna

Þri 24. nóvember 2009 14.00-18.00

Á námskeiðinu er þátttakendum kynnt helstu grundvallatriði sem geta bætt færni þeirra í samskiptum. Farið er í notkun virkrar hlustunar og skoðuð samskipti í hópum. Einnig eru grunnatriði í samningatækni kynnt til sögunnar og hvernig nýta má samningatækni í daglegu lífi. Námskeiðið er í formi fyrirlesturs og æfinga og gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda.

Leiðbeinandi: Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, MBA og verkefnastjóri í Opna Háskólanum í HR.

Fjármál fjölskyldunnar

Fim 14. janúar 2010 14.00-18.00

Fjallað er um helstu atriði sem varða fjárhag heimilanna við núverandi aðstæður. Hvernig best sé að ná yfirsýn yfir fjármálin og skipuleggja þau fram í tímann t.d. með notkun heimilisbókhalds. Aðferðir til að taka betri fjárhagslegar ákvarðanir og þau atriði sem skipta máli við að forgangsraða í fjármálum heimilisins. Farið verður í gegnum grunnatriði í samningatækni, því mögulega getur þurft að semja um lausnir á vanda við kröfuhafa.

Leiðbeinandi: Sigurður Erlingsson, M. Sc. í fjármálum og löggildur verðbréfamíðlari.

Góður starfsandi á vinnustað

Þri 9. febrúar 2010 14.00-18.00

Farið er í gegnum mikilvægi þess að starfsmenn, hver fyrir sig, ákveði að hans eigið framlag skipti lykilmáli til að vinnustaðurinn verði enn betri. Talað er um viðhorf og hvort sé hægt að velja sér viðhorf sem skilar betri líðan og meiri vinnutengdum árangri. Velt er upp hvort og hvernig farið er með ágreiningu á vinnustaðnum ásamt því að minna á mikilvægi persónulegra tengsla.

Leiðbeinandi: Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi og þjálfari hjá Capacent.

Stefnumótun í eigin lífi

Fim 11. mars 2010 14.00-18.00

Á námskeiðinu er fjallað um hvernig hvert og eitt okkar getur kynnst eigin viðhorfum og lífsgildum með það að markmiði að móta stefnu í eigin lífi út frá þeim. Þátttakendur greina hvað er mikilvægt í lífi þeirra og hvað gefur því gildi. Þeir forma síðan markmið út frá þessari greiningu og forgangsraða þeim.

Leiðbeinandi: Halldóra Hinriksdóttir, MBA og forstöðumaður Stjórnmenntar Opna háskólans.

Nánari upplýsingar og skráning á netfangið svth@svth.is eða í síma 511 3000. Endurmenntunarsjóðir stéttarféлага veita styrki til félagsmanna vegna endur- og símenntunar.

